



MÁLSTEFNA

STEFNA

Listaháskóli Íslands er leiðandi í faglegri umræðu á fræðasviðinu listir og hefur því mikilvægu samfélagslegu hlutverki að gegna. Málstefna Listaháskólans tekur mið af þessu. Skólinn leggur áherslu á að efla faglega umræðu um fræðasviðið á íslensku, samhliða því sem rækt er lögð við að miðla á íslensku þekkingu og skilningi á listum til samfélagsins alls.

Íslenska er helsta samskiptamál í skólanum, bæði sem talmál og ritað mál, hvort sem er í kennslu, rannsóknnum eða stjórnsýslu. Listaháskóli Íslands gerir þær kröfur til starfsmanna sinna að vera til fyrirmyndar um notkun íslensku í kennslu og rannsóknnum.

Listaháskólinn veitir nemendum þjálfun í að koma þekkingu sinni og kunnáttu á framfæri á íslensku á skýran og skipulagðan hátt. Tilgangur námsins er að gefa nemendum kost á að afla sér færni og þekkingar sem gerir þeim kleift að verða framúrskarandi listamenn. Lögð er áhersla á að nemendur Listaháskólans verði færir um að taka þátt í faglegri umræðu í ræðu og riti á íslensku á fræðasviði lista.

Akademískir starfsmenn Listaháskólans stunda rannsóknir á ýmsum sviðum er tengjast sérgrein þeirra. Skólinn gerir þá kröfu að þeir miðli þekkingu til nærsamfélagsins og skapi þannig farveg fyrir þróun faglegrar umræðu um listir á íslensku. Auk þess eru starfsmenn og nemendur skólans virkir þátttakendur í alþjóðlegri fagumræðu á öðrum tungumálum.

FRAMKVÆMD OG ÚTFÆRSLA

1. ÍSLENSKA ER HELSTA SAMSKIPTAMÁL Í SKÓLANUM, BÆÐI SEM TALMÁL OG RITAÐ MÁL, HVORT SEM ER Í KENNSLU, RANNSÓKNUM EÐA STJÓRNSÝSLU.

2. KENNT ER Á ÍSLENSKU Á GRUNNSTIGI Í ÖLLUM DEILDUM OG Á FRAMHALDSSTIGI Í LISTKENNSLUDEILD

a. Allir nemendur á bakkalárstigi sækja námskeið þar sem kennd eru akademísk vinnubrögð og fræðileg skrif. Í kennslu í akademískum vinnubrögðum er lögð áhersla á að nemendur vandi málnotkun sína og noti íslenskuna sem afl í þekkingarsköpun og miðlun.

b. Í kennslu er notast við íslenskar þýðingar á erlendum fræðitextum þegar því verður við komið. Þá eru kennarar hvattir til að ræða við nemendur sína um möguleg nýyrði og þýðingar á einstökum hugtökum úr erlendum tungumálum.

c. Í öllum deildum er boðið upp á námskeið í skapandi skrifum þar sem markmiðið er að efla færni nemenda í að tjá sig á íslensku í rituðu máli.

d. Í námi á leikarabraut er unnið markvisst með íslensku í mæltu máli. Stór þáttur í námi leikara er flutningur á texta, fyrst og fremst leiktexta, en einnig á öðrum tegundum skáldskapar.

e. Í námi í hljóðfæraleik og söng fá nemendur þjálfun í að vinna á markvissan hátt með íslensku sem talmál.

f. Á meistarastigi í listkennsludeild er unnið skipulega með íslenskt mál í fræðiskrifum og í málstofum þar sem nemendur öðlast færni í að tjá sig um kennslu og listsköpun.

g. Lokaverkefni í listkennslu geta verið í formi rannsóknar, fræðiritgerðar, námsefnis eða skapandi þróunarverkefnis. Ávallt er gerð sú krafa að málfar sé vandað í alla staði og málnotkun til fyrirmyndar. Nemendur með annað móðurmál en íslensku geta fengið undanþágu til að skrifa lokaverkefnið eða greinargerð um það á móðurmáli sínu.

h. Nemendur í bakklárnámi skrifa lokaritgerð sína á íslensku og er gerð krafa um vandaða stafsetningu og málfar. Við skrifin eru nemendur hvattir til að þýða hugtök og tilvitnanir yfir á íslensku í því skyni að efla notkun málsins í fræðilegri umræðu. Í þeim tilvikum þar sem móðurmál nemenda er annað en íslenska geta nemendur fengið undanþágu til að skrifa lokaritgerð á sínu eigin máli.

3. MEISTARANÁM Í HÖNNUNAR- OG ARKITEKTÚRDEILD, MYNDLISTARDEILD OG TÓNLISTARDEILD ER ALPJÓÐLEGT OG ER ENSKA HELSTA SAMSKIPTAMÁL Í DEILDUNUM. ENGU AÐ SÍÐUR ER LÖGÐ ÁHERSLA Á AÐ NEMENDUR SÉU VIRKIR Í SAMFÉLAGINU Í UMRÆÐU UM LISTIR OG AÐ ÞEIR MIÐLI ÞANGAÐ ÞEKkingu SINNI OG FÆRNI.

4. ÁHERSLA ER LÖGÐ Á AÐ RANNSÓKNUM STARFSMANNA OG MEISTARANEMA SÉ MIÐLAÐ TIL NÆRSAMFÉLAGSINS OG HAFI ÞANNIG ÁHRIF Á FAGUMRÆÐU Á ÞEIM SVIÐUM SEM STARFSEMI SKÓLANS NÆR TIL. ÞANNIG ÝTIR SKÓLINN UNDIR ÞRÓUN ORÐRÆÐU Á ÍSLENSKU OG STUÐLAR AÐ UPPBYGGINGU FORMLEGS UMRÆÐUVETTvangs UM RANNSÓKNIR Í LISTUM.

5. LISTAHÁSKÓLINN HVETUR STARFSFÓLK SITT TIL AÐ BYGGJA UPP ORÐASÖFN Á SÍNU FAGSVIÐI Í SAMVINNU VIÐ AÐRA FRÆÐIMENN OG STOFNANIR.

a. Listaháskólinn er virkur þátttakandi í rannsóknarverkefninu Orðasafn um myndlist sem unnið er í samvinnu við Íslenska málstöð, Listasafn Íslands, Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn og Listasafn Háskóla Íslands. Orðasafnið gagnast þeim sem fjalla um myndlist, til dæmis þýðendum, kennurum, nemendum, fjölmiðlafólki, opinberum stofnunum, fyrirtækjum og breiðum hópi áhugafólks.

b. Myndlistardeild hefur ýtt úr vör rannsóknarverkefninu Íslensk samtímamyndlist í samstarfi við Listasafn Íslands, Listasafn Reykjavíkur, Háskóla Íslands, Nýlistasafnið og Listfræðafélag Íslands. Rannsókuð eru skrif fræðimanna og gagnrýnenda um íslenska myndlist, auk skrifa listamannanna sjálfra. Markmiðið er að til verði greinargott heildaryfirlit yfir skrif um íslenska samtímamyndlist.

c. Á næstu misserum er áætlað að hefja undirbúning að gerð orðasafns um hönnun og arkitektúr.

6. ERLENDIR STARFSMENN LISTAHÁSKÓLANS ERU HVATTIR TIL AÐ SÆKJA NÁMSKEIÐ Í ÍSLENSKU OG TILEINKA SÉR TUNGUMÁLIÐ. ÁHERSLA ER LÖGÐ Á AÐ ERLENDIR KENNARAR SEM GEGNA FASTRI STÖÐU VIÐ LISTAHÁSKÓLANN KENNI Á ÍSLENSKU EINS FLJÓTT OG AUÐIÐ ER.

UMSJÓN OG ÁBYRGÐ

Rektor ber ábyrgð á málstefnu Listaháskólans en deildir hafa umsjón með framkvæmd hennar.